

Persónuverndarreglur Veritas Capital ehf - umsækjendur.

Veritas Capital ehf. og dótturfyrirtæki (einnig vísað til „félagsins“ eða „okkar“) hafa einsett sér að tryggja áreiðanleika, trúnað og öryggi persónuupplýsinga umsækjenda um starf hjá félaginu.

Persónuverndarreglum þessum er ætlað að upplýsa umsækjendur um hvaða persónuupplýsingar félagið safnar, með hvaða hætti félagið nýtir slíkar persónuupplýsingar og hverjir fá aðgang að upplýsingunum.

Persónuverndarreglur þessar ná til persónuupplýsinga er varða alla sem sótt hafa um starf hjá félaginu (hér eftir sameiginlega vísað til „**umsækjanda**“ eða „**þín**“).

Ef þú ert í vafa um það hvernig persónuverndarreglurnar varða þig, vinsamlega hafðu samband við gæða- og upplýsingastjóra félagsins fyrir frekari upplýsingar. Samskiptaupplýsingar gæða- og upplýsingastjóra félagsins koma fram í lok reglna þessara.

1. Tilgangur og lagaskylda

Félagið leitast við að uppfylla í hvítvetna persónuverndarlöggjöf og eru reglur þessar byggðar á lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga („**persónuverndarlög**“), með síðari breytingum og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2016/679 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga („**reglugerðin**“).

2. Hvað eru persónuupplýsingar?

Persónuupplýsingar í skilningi reglna þessara eru hvers kyns upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling, þ.e. upplýsingar sem hægt er að rekja beint eða óbeint til ákveðins einstaklings. Gögn sem eru ópersónugreinanleg teljast ekki persónuupplýsingar.

3. Persónuupplýsingar sem félagið safnar og vinnur um umsækjendur um starf

Við söfnum og varðveitum ýmsar persónuupplýsingar um umsækjendur. Ólíkum persónuupplýsingum kann að vera safnað um ólíka umsækjendur og kann vinnsla og söfnun á persónuupplýsingum að fara eftir eðli starfs sem sótt er um.

Eftirfarandi eru **dæmi** um upplýsingar sem félagið safnar um umsækjendur sína:

- umsóknarbréf
- samskiptaupplýsingar, svo sem nafn, kennitala, heimilisfang, símanúmer og tölvupóstfang;
- upplýsingar um menntun og þjálfun
- ferilskrá / starfsreynsla;
- afrit prófskírteina, mynd af umsækjanda
- umsagnaraðilar og niðurstaða samtala við þá ef við á
- upplýsingar úr starfsviðtali;
- upplýsingar um innihald sakaskráa ef við á;

Auk framangreindra upplýsinga, kann félagið einnig að safna og vinna aðrar upplýsingar sem umsækjendur láta sjálfir í té (t.d. um hjúskaparstöðu) sem og upplýsingar sem eru félaginu nauðsynlegar til að meta hver sé hæfasti umsækjandinn.

Í flestum tilfellum fær félagið persónuupplýsingar beint frá umsækjendum. Í þeim tilvikum þar sem að persónuupplýsinga er aflað frá þriðja aðila mun félagið leitast við að upplýsa umsækjendur um slíkt.

4. Hvers vegna söfnum við persónuupplýsingum um umsækjendur og á hvaða grundvelli?

Við söfnum persónuupplýsingum um umsækjendur fyrst og fremst til að geta valið hæfasta umsækjandann.

Öll vinnsla félagsins á persónuupplýsingum skal vera í samræmi við persónuverndarlöggjöf, þar á meðal 8. og 9. gr. persónuverndarlaga og 6. og 9. gr. reglugerðarinnar.

Félagið skuldbindur sig til þess að öll vinnsla á persónuupplýsingum um umsækjendur sé lögleg, sanngjörn og gagnsæ. Upplýsingum verði aðeins safnað í tilteknum, sérstökum og lögmætum tilgangi og að söfnun og vinnsla gangi ekki lengra en þörf krefur miðað við tilgang vinnslunnar. Vinnsla skal í öllum tilvikum vera nægileg, viðeigandi og takmörkuð við það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar.

5. Miðlun til þriðja aðila

Félagið miðlar ekki persónuupplýsingum um umsækjendur til þriðja aðila.

6. Hvernig er öryggi persónuupplýsinga tryggt?

Félagið leitast við að grípa til viðeigandi tæknilegra og skipulegra ráðstafana til að vernda persónuupplýsingar, með sértöku tilliti til eðlis þeirra. Þessum ráðstöfunum er ætlað að vernda persónuupplýsingar gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi, afritun, notkun eða miðlun þeirra.

7. Varðveisla á persónuupplýsingum

Félagið mun leitast við að varðveita aðeins persónuupplýsingar eins lengi og þörf krefur miðað við tilgang vinnslunnar, nema annað sé heimilt eða skylt samkvæmt lögum.

8. Breytingar og leiðréttingar á persónuupplýsingum

Það er mikilvægt að þær persónuupplýsingar sem varðveittar eru um umsækjendur séu bæði réttar og viðeigandi. Því er mikilvægt að umsækjendur tilkynni okkur um allar breytingar sem kunna að verða á persónuupplýsingum þeirra á meðan að umsóknarferli er í gangi.

Umsækjendur eiga rétt á því að óáreiðanlegar persónuupplýsingar er þá varða séu leiðréttar. Að teknu tilliti til tilgangs vinnslu persónuupplýsinga skal umsækjandi eiga rétt á að láta fullgera ófullkomnar persónuupplýsingar um hann, þ.m.t. með því að leggja fram frekari upplýsingar.

Vinsamlega beinið öllum uppfærslum til starfsmannastjóra félagsins.

9. Aðgangur umsækjanda að persónuupplýsingum þeirra

Umsækjendur eiga rétt á að fá aðgang að þeim persónuupplýsingum sem félagið vinnur sem og upplýsingar um vinnsluna. Þá kann umsækjandi einnig að eiga rétt að fá afrit af þeim persónuupplýsingum sem varða hann og félagið vinnur með.

Aðgangur umsækjanda að persónuupplýsingum sem félagið varðveitir um þá er hins vegar ekki fortakslaus. Þannig kunna lög eða reglugerðir að heimila eða skylda félagið til að hafna ósk um aðgang að persónuupplýsingum.

Ef upp koma aðstæður þar sem að félagið getur ekki veitt umsækjanda aðgang að persónuupplýsingum, mun félagið leitast við að útskýra hvers vegna beiðni hans hefur verið hafnað, þó með tilliti til takmarkana á grundvelli lagaskyldu.

10. Réttur til eyðinga og takmörkunar á vinnslu

Við ákveðnar aðstæður kann umsækjandi að hafa heimild til að óska eftir því að persónuupplýsingum um hann verði eytt án tafar, til að mynda þegar að varðveisla upplýsinganna er ekki lengur nauðsynleg miðað við tilgang söfnunarinnar eða vinnslunnar eða vegna þess að umsækjandi hefur afturkallað samþykki sitt fyrir vinnslu persónuupplýsinganna ef engin önnur heimild liggur til grundvallar henni.



Réttur umsækjanda til eyðingar persónuupplýsinga er hins vegar ekki fortakslaus. Þannig kunna lög eða reglugerðir að heimila eða skylda félagið til að hafna ósk um eyðingu persónuupplýsinga.

Umsóknir og þar með taldar persónuupplýsingar um umsækjendur eru að hámarki geymdar í 6 mánuði hjá félaginu.

11. Fyrirspurnir umsækjenda og kvörtun til Persónuverndar

Ef þú vilt nýta rétt þinn til aðgangs að persónuupplýsingum þínum, til eyðinga eða takmörkunar vinnslu eða til gagnaflutninga, vinsamlegast beindu slíkri beiðni til starfsmannastjóra félagsins.

Ef umsækjendur hafa einhverjar spurningar vegna persónuverndarreglna þessara eða hafa áhyggjur af því hvernig persónuupplýsingar um þá eru varðveittar, skulu þeir hafa samband við gæða- og upplýsingastjóra félagsins sem mun leitast við að svara fyrirspurnum og leiðbeina umsækjendum um réttindi þeirra samkvæmt persónuverndarreglum þessum.

Ef að umsækjandi er ósáttur við vinnslu félagsins á persónuupplýsingum hans getur hann sent erindi til Persónuverndar (www.personuvernd.is).

12. Samskiptaupplýsingar

Við höfum tilnefnt starfsmannastjóra félagsins til að hafa umsjón með eftirfylgni þess hluta persónuverndarreglna er snúa að umsækjendum. Starfsmannastjóri og gæða- og upplýsingaöryggisstjóri vakta póstfangið personuvernd@veritas.is.

Hér fyrir neðan má finna samskiptaupplýsingar félagsins:

Veritas Capital ehf.
Hörgatúni 2
210 Garðabær
s. 535 7100

13. Endurskoðun

Félagið getur frá einum tíma til annars breytt persónuverndarreglum þessum í samræmi við breytingar á viðeigandi lögum eða reglugerðum eða vegna breytinga á því hvernig félagið vinnur með persónuupplýsingar.

Þessar persónuverndarreglur voru settar þann 25. maí 2018.